

Ed. 429. Frumvarp til laga

um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum. Sama gildir um þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenska ríkisborgara að lögum.

2. gr.

- a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvorutveggja.
- b. *Rúmlest* er brúttó-rúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
- c. *Mánuður* er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómanna­lögum, nr. 41 19. maí 1930, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. *Flutningaskip* merkir skip, eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, sem notað er til fólks- og vöruflutninga innanlands, enda þótt það sé skrásett sem fiskiskip og notað til fiskveiða einhvern tíma ársins, sé það meiri hluta ársins við aðrar siglingar en fiskveiðar. Meðan slíkt skip stundar veiðar, gilda um það sömu ákvæði og um önnur fiskiskip af sömu stærð.
- e. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- f. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli

- h. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til fiskimiða eða að ströndum annara landa, þótt hafnar sé eigi leitað.
- i. *Fullgildur háseti* á verzlunarskipi eða varðskipi er sá einn, er sannar með sjóferðabók,
1. að hann hafi siglt sem skipsdregur, óvaningur eða viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði samtals, þó þar af eigi skemur en 12 mánuði sem viðvaningur og eigi lengur en 6 mánuði sem skipsdregur, eða
 2. að hann hafi siglt sem háseti á skipi yfir 60 rúmlestir í 30 mánuði og sem viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði.
- Siglingatími sem timbrmaður eða bátsmaður telst jafngildur siglingatíma sem fullgildur háseti.
- j. Á meðan engar sérstakar reglur eru til hér á landi um útreikning *hestafla*, eimvéla eða mótorá í skipum, skal við framkvæmd þessara laga fara eftir framleiddum (indiceret) hestöflum, skammstafað f. h. ö., þegar um eimvélar er að ræða, en virkum (effectiv) hestöflum, skammstafað v. h. ö., þegar um hreyfil er að ræða, og skal reiknað með mesta hestaflafjölda, sem vélin getur haft, miðað við 4 klukkustunda siglingu.
- Verði reglur settar hér á landi um útreikning hestafla í skipum, skal fara eftir þeim.
- k. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.
- l. *Vélavörður* nefnist sá, sem hefir rétt til þess að gæta véla, sem eigi hafa yfir 15 hestöfl, en *vélstjóri* nefnist hver sá, sem rétt hefir til að stjórna aflvél samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.
- Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna og vélamanna skuli hagað, svo og um inntöku-skilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
- h. Siglingatími vélamanna telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem er í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að $\frac{1}{3}$ hluta þess tíma, sem skipið hefir legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og flutningaskipum.

4. gr.

Rétt til að vera formaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6--15 rúmlesta að stærð, sem ætlazt er til, að komi daglega að landi, hefir sá einn, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af lögreglustjóra til 5 ára í senn, eftir tillögum skólustjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

- a. þekki á áttavita,
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær,
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum,
- d. kunni að nota vegamæli og handlóð í sambandi við sjókort,
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og hjörgunarstöðvum og kunni að nota algengustu hjörgunartæki,
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara,
- g. þekki reglur um lifgun drukknaðra manna,
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
- i. sé 18 ára að aldri,
- j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri út skirteini, sem veitir rétt til formennsku á skipi 6--15 rúmlestir að stærð.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi yfir 15 rúmlestir, en eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi, sem:

- A. staðizt hefir hið minna fiskimannapróf.
- B. 1. þegar skirteinið á ekki að veita rétt til skipstjórnar á stærra skipi en 15--60 rúmlesta: hefir verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
2. þegar skirteinið á að veita rétt til skipstjórnar á skipi, sem er 60--100 rúmlestir:
 - a. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir í 12 mánuði,
 - b. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 20 rúmlestir í 18 mánuði og þar af 6 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,

- c. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi 20--60 rúmlestir í 6 mánuði, eða
- d. hefir verið skipstjóri á skipi 20--60 rúmlestir í 12 mánuði.

C. er fullveðja.

D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Nú er skipið flutningaskip 30 rúmlestir eða stærra, og komi þá í stað áðurgreinds siglingatíma 12 mánaða siglingatími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir, eða auk áðurgreinds siglingatíma, sé hann allur á fiskiskipum, komi 6 mánaða stýrimannstími á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skirteinum þeim, sem gefin eru út samkvæmt þessari grein, hvort skirteinið gildir fyrir fiskiskip og flutningaskip eða fyrir fiskiskip eingöngu, og þá hvort fyrir skip undir 60 rúmlestir eða yfir það.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi yfir 15, en eigi yfir 100 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi, sem:

A. hefir staðizt hið minna fiskimannapróf.

- B. 1. Ef skirteinið á ekki að veita rétt til stýrimennsku á stærra skipi en 15--60 rúmlestir: hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir, eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
- 2. Ef skirteinið á að veita rétt til stýrimennsku á skipi, sem er 60--100 rúmlestir:
 - a. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir og þar af 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,
 - b. hefir verið stýrimaður á skipi yfir 20 rúmlestir í 12 mánuði, eða
 - c. hefir verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði, og auk þess háseti eftir 16 ára aldur í 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir.

C. er fullveðja.

D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að öðlast stýrimannsskirteini á flutningaskipi komi í stað stafl.

B. 1. og 2. þessarar greinar 36 mánaða siglingatími eftir 16 ára aldur sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir og þar af 6 mánaða siglingatími sem háseti á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.

Geta skal þess á skirteinum þeim, sem gefin eru út samkv. þessari grein,

hvort skirteinið gildir fyrir fiskiskip og flutningaskip eða fyrir fiskiskip eingöngu, og þá hvort fyrir skip undir eða yfir 60 rúmlestir.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi, sem:

- A. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- B. a. hefir verið 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir,
 - b. hefir verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir,
 - c. hefir verið skipstjóri í 18 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir,
 - d. hefir verið skipstjóri í 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir og undirstýrimaður í 12 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, eða
 - e. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 60 rúmlestir í 6 mánuði,
- C. er fullveðja,
- D. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- E. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefir hið meira fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- b. 1. hefir verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir,
 - 2. hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða
 - 3. hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir og auk þess 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir,
- c. er fullveðja,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi, sem auk þess að uppfylla skilyrði 10. greinar þessara laga, stafl. A, C, D og E:

- a. hefir verið stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður,
- b. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi eigi undir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði,
- c. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði, og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir eða á flutningaskipi í 18 mánuði, eða
- d. hefir verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 18 mánuði eða á flutningaskipi í 12 mánuði.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefir sá einn, sem fengið hefir hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi, sem auk þess að uppfylla skilyrði 12. gr. þessara laga, stafl. a, c, d, og e,

1. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi,
2. hefir verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða
3. hefir verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 60 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði. Ofangreindur stýrimannstími þarf þó eigi að vera nema 8 mánuðir, sé hann á flutningaskipi.

17. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira skipstjóraskirteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskirteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- b. 1. hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður,
2. hefir verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir,
3. hefir verið skipstjóri í 18 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir, eða
4. hefir verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður,
- c. er 25 ára að aldri,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum.

Geta skal þess á skirteini, sem gefið er út samkv. þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja.

19. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefir sá einn, er fengið hefir hið meira stýrimannsskirteini á verzlunarskipi.

20. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskirteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefir staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
- b. 1. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, timburmaður eða bátsmaður í utanlandssiglingum, eða
2. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, bátsmaður eða timburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 60 rúmlestir í 24 mánuði,
- c. er fullveðja,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

21. gr.

Sá, er öðlazzt hefir réttindi sem skipstjóri á varðskipum rikisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir.

Hinsvegar getur sá, er fengið hefir hið meira skipstjóraskirteini á verzlunarskipi, öðlazzt réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum rikisins, ef hann hefir siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og uppfyllir að öðru leyti þau skilyrði, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum rikisins.

IV. KAFLI

Vélamenn á eimskipum.

22. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með 300 hestaflla vél eða minni, sem hefir öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 23. gr.

23. gr.

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskirteini á eimskipi með 300 hestaflla vél eða minni, sem:

- a. hefir staðizt hið minna vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

24. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með 300 hestaflla vél eða minni, sem hefir öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 25. gr.

25. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með 300 hestaflla vél eða minni, sem eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 23. gr.:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi í 24 mánuði,
- b. hefir lokið smiðaprófi fyrir vélstjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er fullveðja,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

26. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestaflla vél, eða aðstoðarvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestaflla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 27. gr.

27. gr.

Sá einn getur öðlzt undirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- b. hefir verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

28. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem öðlzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 29. gr.

29. gr.

Sá einn getur öðlzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 800 hestafla vél, sem eftir að hafa öðlzt skirteini það, sem ræðir um í 27. gr.:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 24 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á eimskipi með meira en 800 hestafla vél í 36 mánuði, þó aldrei minna en 12 mánuði undirvélstjóri á eimskipi með meira en 300 hestafla vél, ef um yfirvélstjóraskirteini er að ræða,
- b. hefir lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er fullveðja,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

30. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem öðlzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 31. gr.

31. gr.

Sá einn getur öðlzt yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með yfir 800 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlzt skirteini það, sem ræðir um í 29. gr., siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 21 mánuði, þar af sem 2. vélstjóri í 12 mánuði, eða sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 300 hestafla vél í 12 mánuði og 2. vélstjóri á eimskipi með yfir 800 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er 25 ára að aldri,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

V. KAFLI

Vélamenn á mótorskipum.

32. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélavörður á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna, sem sýnt getur lögskráningarstjóra vottorð frá manni, er atvinnu- málaráðuneytið tekur gildan, um, að hann sé fær um að gæta vélarinnar.

33. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 34. gr.

34. gr.

Sá einn getur öðlazzt vélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið minna mótorstjórapróf Fiskifélags Íslands,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

35. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 36. gr. þessara laga.

36. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, sem:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti,
- c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

37. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera undirvélstjóri á isl. mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 38. gr. þessara laga.

38. gr.

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira mótorstjórapróf Fiskifélags Íslands,
- b. hefir siglt sem yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði,

- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningssáliti,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

39. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 40. gr.

40. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

- a. hefir siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 150 hestafla vél í 12 mánuði, eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 38. gr.,
- b. hefir verið kyndari eða aðstoðarvélamaður á eimskipi í 3 mánuði, eða aðstoðarvélamaður á mótorskipi, sem hefir eimketil, í 3 mánuði,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningssáliti,
- d. er fullveðja,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

41. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 400 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 42. gr.

42. gr.

Sá einn getur öðlazzt aðstoðarvélstjóraskirteini á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir staðizt hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík,
- b. hefir staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík, sbr. þó 56. gr.
- c. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður á eimskipi í 4 mánuði,
- d. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningssáliti,
- e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

43. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 44. gr.

44. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eða að-

stoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði og undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 36 mánuði.

- h. hefir staðizt smíðapróf fyrir vélstjóra,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- d. er fullveðja, ef um yfirvélstjóraskirteini er að ræða,
- c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmíleg.

45. gr.

Sá einn hefir rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefir skirteini það, sem ræðir um í 46. gr.

46. gr.

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefir eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um 44. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 900 hestafla vél í 12 mánuði,
- b. hefir ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- c. er 25 ára að aldri,
- d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmíleg.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

47. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annara landa eða í innanlandssiglingar, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á flutningaskipi, á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður hið minnsta,
- b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst,
- c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó þau flytji ekki farþega.

48. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 200 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Á varðskipum undir 60 rúmlestir sé að minnsta kosti einn stýrimaður, og á varðskipum 60–200 rúmlestir 2 stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazzt, er lokið hafa farmannaprófi.

49. gr.

- a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 25. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 23. gr.
- b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 29. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr., og ef vél skipsins er yfir 500 hestöfl, einn aðstoðarmaður, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 25. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal í stað aðstoðarmannsins koma aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkvæmt 27. gr. og 29. gr.

- c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 31. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

- d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 31. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 31. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

- e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 31. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkvæmt 29. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 27. gr.

50. gr.

- a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazzt hefir réttindi samkv. 32. gr.

- b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 34. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazzt hefir réttindi samkv. 32. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu.
- c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 36. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 34. gr.
- d. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 40. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 38. gr.
- e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 44. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

- f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 46. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða hjörgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 46. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

- g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 46. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða hjörgunarskip og vél þess er yfir 1900 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 46. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 44. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

- h. Á mótorskipi með meira en 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 46. gr., þrjú undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 44. gr., og tveir aðstoðarvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 42. gr.

Ef skipið er farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 42. gr.

51. gr.

Dráttarbátar, sem aðeins eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en ekki eru knúnar áfram með vélafli, skulu vera undanþegnar ákvæðum þessara laga um fjölda vélstjóra. Þó

skal á þessum fleytum vera að minnsta kosti einn vélstjóri, er hefir umsjón með vélunum.

52. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 18., 20., 23., 25., 27., 29., 31., 32., 34., 36., 38., 40., 42., 44. og 46. gr. þessara laga, á heimtingu á að fá þau skirteini, sem þar um getur. Skirteinin skulu gefin út af lögreglustjóra, og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem atvinnumálaráðuneytið semur. Skirteinið gildir um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skirteinishafi fyrirgeri því, sbr. 54. gr.

Fyrir skirteini greiðist:

Skirteini, er veitir rétt til formennsku á skipi 6—15 rúmlestir, kr. 2.00.

Hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi og hið minna skipstjóraskirteini á verzlunarskipi kr. 20.00.

Hið meira skipstjóraskirteini á verzlunarskipi kr. 30.00.

Hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi kr. 5.00.

Hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi kr. 10.00.

Hið minna stýrimannsskirteini á verzlunarskipi kr. 10.00.

Hið meira stýrimannsskirteini á verzlunarskipi kr. 15.00.

Vélgæzluskirteini kr. 2.00.

Hið minna undirvélstjóraskirteini kr. 5.00.

Hið minna yfirvélstjóraskirteini kr. 10.00.

Aðstoðarvélstjóraskirteini kr. 10.00.

Hið minna undirvélstjóraskirteini kr. 15.00.

Hið meira yfirvélstjóraskirteini kr. 20.00.

Andvirði skirteina rennur í rikissjóð.

53. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skirteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð atvinnumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

54. gr.

Nú hefir skirteinishafi hlotið dóm fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningssáliti, og hefir hann þá fyrirgert skirteini sínu.

Verði skirteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skirteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

VII. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

55. gr.

Allir þeir, er öðlazzt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

Sá, sem öðlast hefir vélgæzlu- eða vélstjóraskirteini á íslenzku skipi áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að fá skirteini sínu breytt í vélavarðar- eða vélstjóraskirteini fyrir vél með sama hestaflafjölda, samkv. lögum þessum, en geta skal þess á hinu nýja skirteini, að það sé gefið út samkvæmt þessu ákvæði.

56. gr.

- a. Sá, sem öðlast hefir undirvélstjóraskirteini á íslenzku eimskipi með meira en 700 hestafla vél, eða yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með 300 til 700 hestafla vél, samkvæmt lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og hefir síðan siglt samkvæmt því í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 44. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
- b. Sá, sem hefir öðlast yfirvélstjóraskirteini á eimskipi með meira en 700 hestafla vél samkvæmt tédum lögum, nr. 43 3. nóv. 1915, og siglt sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 700 hestafla vél í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 46. gr. þessara laga, ef hann hefir siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði.
- c. Sá, sem öðlast hefir yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með 150 hestafla vél og þar yfir samkvæmt 5. gr. laga nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að öðlast skirteini það, sem ræðir um í 46. gr.
- d. Þeir menn, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í stafl. a og b þessarar greinar, að undanskildu ákvæðinu um siglingu á mótorskipi, skoðast uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru í 42. gr. þessara laga, en geta skal þess á skirteinum þeim, sem þeim ern veitt samkvæmt lögum þessum, að þau séu veitt samkvæmt heimild þessarar greinar.

57. gr.

Þeim, sem tekið hafa smáskipapróf samkvæmt lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gefinn kostur á að taka hið minna fiskimannapróf á þeim stöðum, sem þessi próf eru veitt, á námskeiðum, er haldin verða á tímabilinu frá 1. okt. til 31. jan., og skal það á valdi hvers eins, hvort hann notar námskeiðið til undirbúnings prófinu eða býr sig undir það á annan hátt.

58. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 2. gr. þessara laga, stafl. i, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefir glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. stafl. b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefir verið í förum með skipinu.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram. Vanræksla í þessum efnum varðar skipstjóra sektum frá 25 til 100 krónum, nema skipverji hafa hlaupizt burt af skipinu án vitundar hans.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum, önnur en um ræðir í lok 58. gr., varða sektum allt að kr. 300.00, ef um fyrsta brot er að ræða. Sé brotið itrekað, varðar það sektum frá kr. 300.00 til 1000.00. Sektir renna í rikissjóð.

Brot gegn lögum þessum sæta opinberri rannsókn, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, lög nr. 49 27. júní 1925 og lög nr. 31 8. sept. 1931, um breyting á nefndum lögum, lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við siglingar á gufuskipum, lög nr. 14 15. júní 1926 og lög nr. 72 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, lög nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á þeim lögum, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru hér með úr gildi numin.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Greinargerð.

Með þingsályktun efri deildar Alþingis 17. des. 1934 var ríkisstjórninni falið að endurskoða lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lög nr. 49 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum. Sömu leiðis lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og lög nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, svo og önnur lög og reglugerðir, sem eru í sambandi við þessa löggjöf. Endurskoðun þessari skyldi hraðað, svo að frumvörp um þessi mál yrðu lögð fyrir Alþingi á þessu ári.

Samkvæmt þessu leggur nefndin, eftir ósk ríkisstj., fram þetta frumvarp, sem er að mestu samhljóða frumvarpi, sem er samið af Sigurjóni Ólafssyni alþm., Friðriki Ólafssyni skipherra og Þorsteini Loftssyni vélfræðingi, en þeir voru af stjórninni skipaðir, með bréfi dags. 29. apríl 1935, til þessa starfa, og létu þeir fylgja frumvarpi sínu svo hljóðandi

SKÝRINGAR:

Með frumvarpinu er sameinað í eitt lög um atvinnu við siglingar fyrir skipstjórnarmenn og vélamenn, en sú löggjöf var aðskilin áður. Þykir það heppilegra, þar sem um svo skyldar starfsgreinar er að ræða, enda víðast svo meðal nágrannaþjóðanna.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri reglu, sem almennt er viðurkennd, að krefjast sem fyllstrar þekkingar, bæði bóklegrar og verklegrar, af þeim, sem skipum og vélum eiga að stjórna í framtíðinni, og um leið tekið tillit til allrar aðstöðu hvað snertir farmennsku og fiskiveiðar hjá okkur, með það eitt fyrir augum, er snertir undirbúningsmenntun og verklega æfingu skipstjóraefna og vélgæzlumanna. Helztu breytingar frá eldri löggjöf eru þær, að siglingatími háseta, er nema siglingafræði, er lengdur áður en þeir geta orðið stýrimenn; sömuleiðis er siglingatími stýrimanna til að öðlast skipstjóraskirteini lengdur nokkuð. Er svo til ætlazt, að með því skapist meira öryggi í allri skipstjórn. Þá er meiri skilgreining á milli farmennsku og fiskiveiða en nú er ákveðið með lögum, og er það í samræmi við þær aðstæður, er myndast hafa á seinni árum. En um leið er þó opin leið fyrir fiskimanninn að breyta um til farmennsku. Meðal annara þjóða er gerður skýr greinarmunur á þessu tvennu, farmennsku og fiskiveiðum, en hjá okkur er nauðsynlegt að taka tillit til hvors- tveggja og sniða réttindi manna með hliðsjón af því. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að próflausir menn megi hafa formennsku á skipum allt að 15 rúmlestir. Er það 3 rúmlestum hærra en áður. Skip af þeirri stærð koma að jafnaði daglega að landi, þó hitt komi einnig fyrir, að þau flytji sig til milli veiðistöðva, enda hafa kröfurnar til þekkingar formannanna verið auknar að mun. Þá er ætlazt til, að fiskiskipstjóraprófin verði 2 eins og nú. Hið minna veitir réttindi á skip allt að 100 rúml. eftir að nauðsynleg æfing á skipum hefir átt sér stað. Nú veitir smáskipapróf rétt á 60 rúmlesta skipum; aukningin er því 40 rúmlestir. Verður að telja, að nægilegs öryggis sé gætt í þessu efni með þeim siglingatíma, er felst í frv., bæði fyrir háseta og stýrimenn, þegar þess er einnig gætt, að í væntanl. frv. um Stýrimannaskólann í Reykjavík verði kröfurnar um sjófræðilega þekkingu auknar frá því, sem nú er. Á skipum yfir 100 rúmlestir þarf hið meira fiskimannapróf. Þá er sú breyting gerð, að meira fiskimannaprófið veitir réttindi á verzlunarskipum í innanlandssiglingum allt að 400 rúmlestir. Er það 100 rúmlestum meira en áður. En um leið er krafist siglingatíma á verzlunarskipum. Skip af þessari stærð munu vart mikið notuð í utanlandssiglingum, nema um fiskiskip sé að ræða. Þótti því rétt að rýmka nokkuð um rétt manna í innanlandssiglingum, og um leið þó gætt fyllsta öryggis með meiri verklegri æfingu. Þá er nýr flokkur skipa, er nefnist flutningaskip, og er þá sérstaklega átt við minni fólks- og flutningaskip, sem ekki eru skráð á verzlunarskipaskrár. Er krafist aukins siglingatíma á slíkum skipum eða stærri til þess að geta haft stjórn þeirra á hendi. Um fjölda stýrimanna á skip er í allflestum atriðum fylgt þeirri venju, sem þegar hefir komið á. Er það að visu meira en gildandi lög ákveða. Með tilliti til öryggis er í hverju tilfelli ákveðin minnsta tala stýrimanna, sem á hverju skipi skulu vera. Á verzlunarskipum yfir 400 rúmlestir og varðskipum ríkisins útheimtis farmannapróf og ákveðinn siglingatími, sem

er allverulega aukinn frá gildandi lögum. Um fræðslu skipstjóraefna, sem veitt er í skólum og ákveðin er með lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og reglugerðum um smáskipapróf, verður ákveðið í breytingu á þeim lögum, eftir því sem nauðsyn krefur í samræmi við þessi lög. Sama gildir um vélstjóra.

Réttindum vélstjóra samkvæmt þessu frumvarpi er að ýmsu leyti breytt frá ákvæðum gildandi laga. Í frumvarpinu er dregin skýr lína milli hinna tveggja vélategunda, eimvéla og mótórvéla, því gert er ráð fyrir, að þeir einir megi fara með hvora tegundina fyrir sig, sem fengið hafa nauðsynlega æfingu við þesskonar vélar, þó prófið sé hið sama fyrir báðar tegundir hinna stærri véla. Þá er ætlað til, að Fiskifélag Íslands hafi tvennskonar námskeið fyrir minni mótórvélar. Hið minna fyrir vélar allt að 150 hö., og hið meira fyrir vélar 150—400 hö., og hið síðarnefnda haldið aðeins í Reykjavík. Á undanförunum árum hefir Fiskifélag Íslands haft undirbúningsmenntun mótórista með höndum, og hefir þar af leiðandi undirbúið sig með ýms skilyrði til þess að hún mætti verða sem bezt, meðal annars aflagð sér véla af ýmsum tegundum, húsnæðis og krafta sérfróðra manna til þess að hafa kennsluna á hendi. Af ofangreindum ástæðum o. fl. hefir félagið sérstaka aðstöðu til að annast þessa fræðslu framvegis, bæði hér í Reykjavík og í hinum stærri kaupþúnum landsins. Hið stærra mótorskirteini sé aðeins veitt frá námskeiði, sem haldið sé hér í Reykjavík, þar sem skilyrði eru bezt til fullkomins náms. Réttindi vélstjóra á eimskipum allt að 300 hö. haldist óbreytt. Fjöldi vélstjóra er ákveðinn að mestu í samræmi við þá venju, sem skapast hefir á seinni árum, í einstöku tilfellum aukinn, er verður að teljast nauðsynlegt fyrir öryggi vélanna, manna, skips og farms. Þá fer mjög í vöxt, að hjálparvélar allskonar séu settar í skip, sem útheimta nákvæma pössun og aukna þekkingu á meðferð véla, og gerir það starfið umfangsmeira og vandasamara.

Eins og áður segir, er frumvarp þetta samið með tilliti til okkar staðhátta, bæði hvað snertir siglingu og sjósókn á hinum ýmsu tegundum og stærðum skipa og véla, og um leið höfð til hliðsjónar löggjöf annara þjóða um sama efni, sem er að visu nokkuð ólík í hverju landi fyrir sig. En alstaðar er nú verið að auka kröfur til bóklegrar þekkingar, jafnt fyrir skipstjóraefni sem vélstjóra, og um leið krafizt lengri undirbúningstíma í öllu verklegu en áður var.

Með frumvarpi þessu á að vera stigið það spor, að við í framtíðinni stöndum síður að baki nágrannaþjóðum okkar um vel æfða og menntaða menn, sem stjórna eiga minni og stærri skipum okkar og vélum þeim, sem í þeim eru.

Að öðru leyti vísast til meðf. skýringa fyrir hverri gr. frv.

Um 2. gr.

Stafl. d.: Eins og kunnugt er, eru smærri fiskiskip notuð allmikið til flutninga á vörum með ströndum fram, og hafa sum þeirra þesskonar flutning með höndum meiri hluta ársins eða jafnvel allt árið. Í núgildandi lögum eru yfirmönnum þessara skipa engin skilyrði sett um þekkingu á meðferð farms, enda eru þess dæmi, að farmur eða nokkur hluti hans hafi skemmt eða jafnvel ónýtt fyrir slæma meðferð í skipinu. Þessu þykir nauðsynlegt að kippa í lag með því að setja þessi skip í sérstakan flokk og binda réttindi til skipstjórnar

á þeim því skilyrði, að einhver þekking á vörum og meðferð þeirra sé fyrir hendi. Skoðast þetta sem farmennska í smærri stíl.

Stafli i: Hingað til hefir hvergi verið ákveðið í lögum, hverjir teljast skuli fullgildir hásetar á verzlunarskipum, og hefir verið farið eftir ákvæðum í samningum milli Sjómannafél. Reykjavíkur og Eimskipafél. Íslands o. fl. um þetta, sem upphaflega eru sniðnir eftir reglum þeim, er gilda hjá nágrannaþjóðum okkar. Hinsvegar þykir rétt, að skilyrðin til þessa starfs séu ákveðin með lögum jafnframt öðrum skilyrðum til atvinnu við siglingar, og eru þau að mestu samhljóða ofanefndum ákvæðum. Skilyrði lík þeim, er sumar aðrar þjóðir setja slíkum mönnum um siglingar með seglskipum, verða ekki framkvæmd hér, vegna algerðrar vöntunar á slíkum skipum hjá oss. Einnig þykir rétt að leggja að jöfnu siglingatíma á verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins, þar eð hásetavinna er að flestu hin sama í báðum stöðum, og það, sem aðrahvora kann að breyta af verklegri kunnáttu á við hina í einhverri grein, hafa þeir að jafnaði fram yfir hina í annari.

Um 3. gr.

Stafli a: Þetta ákvæði er sett hér vegna þess, að nógildandi eða væntanlegar reglugerðir um kennslu og próf í stýrimanna- og vélaskólunum munu ekki ná til allra þeirra prófa, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stafli b: Hingað til hefir siglingatími háseta og stýrimanna verið talinn jafngildur, hvort heldur skipið hefir verið í förum eða því hefir verið lagt upp, ef afskráning hefir eigi farið fram. Þessu þykir rétt að breyta vegna þess, að það er aðallega sá tími, sem skipið er í förum, sem veitir þá þekkingu og æfingu í starfinu, sem nauðsynleg er hverjum farmanni. Hinsvegar ber einnig að meta til nokkurs þá æfingu, er menn fá við störf á skipi, sem liggur um kyrrt vegna viðhalds og annara verka, sem framkvæmd eru undir slíkum kringumstæðum, og þykir hæfilegt, að sá tími sé metinn til $\frac{1}{2}$ hluta á móts við siglingar, þegar um stýrimenn og háseta er að ræða. Öðru máli er að gegna með vélamenn, vegna þess, að nauðsynlega æfingu í þeim hluta starfsins, er að því lýtur að taka vélarnar í sundur og eftirlita einstaka hluti þeirra, fá þeir að jafnaði aðeins meðan skipinu er lagt upp.

Um 4. gr.

Jafnframt því að færa hámarkið fyrir minnsta flokk skipa úr 12 upp í 15 rúmlestir þykir einnig rétt að auka við kröfur þær, sem gerðar eru til formannanna, og er þó því einu bætt við, er óhjákvæmilegt þykir, að formaður á slíku skipi þekki vegna öryggis skips og manna. Er þá fyrst ákveðið í stafli g. um þekkingu á endurlífgun drukknaðra, en það þyrfti hver maður, er stundar sjó, að kunna. Viðvíkjandi stafli c., d., e., og f. her þess að gæta, að eigi mun ótítt, að skip innan þessa stærðarflokks færi sig milli veiðistöðva og jafnvel milli landsfjórðnnga eftir árstíðum, svo að þeim verði nauðsynlegt að hafa sjókort og þekkja einföldustn notkun þess og innihald, til þess að gera siglinguna auðveldari og öruggari.

Hvað staflið j. viðvíkur, þá þykir sjálfsagt, að manni, sem falið er skip og mannslíf til umráða, sé gert að skyldu að hafa áður nokkra sjómennsku að baki.

Um 5. og 6. gr.

Samkvæmt greinum þessum eru ákveðin réttindi til skipstjórnar á skipi allt að 100 rúmlestir. En til þess er krafizt hins minna fiskimannaprófs, sem er hliðstætt núverandi smáskipaprófi, en það veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 60 rúmlestir. Ekki þykir rétt að hafa rúmlestatöluna hærri, því stærri skip hafa möguleika til þess að vera notuð til siglinga til útlanda. Þessi stærð mun yfirleitt ná til flestra fiskiskipa með mótörvél, sem notuð eru til fiskveiða, og til hinna minni línuveiðagufuskipa.

Vegna þess, hve mikill er stærðarmunur skipa í þessum flokki, er honum skipt í tvennt, nefnilega í skip yfir og undir 60 rúmlestir, og réttindi til skipstjórnar og stýrimennsku á stærri skipum bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi siglt á skipum yfir 60 rúmlestir. Þó er sú rýmkun gerð þar á, að þeim, sem siglt hafa nægilega lengi sem skipstjórar eða stýrimenn á minni skipum, veitist réttur til að sigla sem slíkir á hinum stærri.

Er þetta nýmæli, sem ekki hefir neitt hliðstætt í lögnum frá 1922.

Um flutningaskipin visast til grg. við 2. gr.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæði þessara greina fjalla um réttindi stýrimanna á sama hátt og 5. og 6. gr. fjalla um réttindi skipstjóra og eru byggð á sömu reglum og þar er gerð grein fyrir. Siglingatíminn er nokkru lengri en áður hefir verið ákveðinn. 5.—8. gr. eru hliðstæðar ákvæðum 3.—8. gr. laganna frá 1922 og 1925 og koma í þeirra stað. Prófskirteini eiga að ákveðast í lögum um stýrimannaskóla og eru því felld niður í þessu frv.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á fiskiskipi af ótakmarkaðri stærð og koma í stað 9. og 10. gr. laga frá 1922. Breytingin er einkum í því fólgin, að lengri siglingatíma er krafizt en áður og réttur til skipstjórnar á verzlunarskipi í innanlandssiglingum er færður til í flokk verzlunarskipa. Sjá síðar. Hið meira fiskimannapróf verður hið sama og fiskimannaprófið, sem nú gildir.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar, er fjalla um rétt til stýrimennsku á fiskiskipi af ótakmarkaðri stærð, koma í stað 11. og 12. gr. laganna frá 1922. Breytingin er sú sama og á næstu tveim greinum á undan, að réttindi stýrimanna á verzlunarskipum í innanlandssiglingum eru flutt undir kaflann um verzlunarskip. Hliðstætt þeim greinum er hér krafizt lengri hásetatíma til þess að geta orðið stýrimaður en gert er í lögnum frá 1922. Prófið er hið sama og fyrir skipstjóra.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir í innanlandssiglingum og koma í stað ákvæða 9. og 10. gr. laga frá 1922 um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum allt að 300 rúmlestir í innanlandssiglingum. Ákvæði þessi eru nýmæli að því leyti, að stærðartakmarkið

er hækkað úr 300 upp í 400 rúmlestir, er verður að teljast sanngjarnt, því sigling slíkra skipa mun að jafnaði hundin við strendur landsins. Hinsvegar er hér krafizt af skipstjórum og stýrimönnum þessara skipa, að þeir hafi siglt áður nokkurn tíma á verzlunarskipum eða varðskipum ríkisins, sem verður eftir atvikum að teljast sjálfsagt jafnt á þessum og á hinum stærri verzlunarskipum, og er þetta nýmæli frá því sem nú er. Prófskilyrði eru hin sömu og til skipstjórnar á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð. Í því efni er fylgt sömu reglum og gilt hefir samkv. lögnum 1922.

Um 15. og 16. gr.

Þessar greinar fjalla um rétt til stýrimennsku á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum í innanlandssiglingum og koma í stað ákvæða 11. og 12. gr. laga frá 1922 um innanlandssiglingar á verzlunarskipum allt að 300 rúmlestir. Siglingatíminn er lengdur að mun frá því, sem nú gildir, og bundinn við verzlunarskip að meira eða minna leyti.

Um 17. og 18. gr.

Greinar þessar fjalla um rétt til skipstjórnar á verzlunarskipum af ótakmarkaðri stærð. Koma þær í stað 13.—16. gr. laganna frá 1922 og hafa einkum þá breytingu í sér fölgna, að siglingatími sem stýrimaður er aukinn frá því, er nú gildir. Ennfremur að siglingatími stýrimanna í utanlandssiglingum er aðeins bundinn við það, að hlutaðeigandi ætli að verða skipstjóri í utanlandssiglingum. Stýrimaður, sem unnið hefir á verzlunarskipi í innanlandssiglingum eingöngu nægilega lengi, öðlast rétt til þess að verða skipstjóri í innanlandssiglingum. Er þetta breyting frá núgildandi lögum. Skipstjórn á fiskiskipum stýttir stýrimannstímann á verzlunarskipi, og er þetta í samræmi við núgildandi lög. Farmannapróf kemur hér aðeins til greina.

Um 19. og 20. gr.

Greinar þessar eru um réttindi stýrimanna á verzlunarskipum af ótakmarkaðri stærð og koma í stað ákvæða 16. og 17. gr. laganna frá 1922. Breytingin er einkum í því fölginn, að siglingatíminn er aukinn að mun fyrir háseta, sem öðlast vill stýrimannsréttindi, og er nærfellt hinn sami og krafizt er annarsstaðar á Norðurlöndum.

Með auknum kröfum um siglingatíma á að skapast meiri verkleg þekking og æfing og um leið meira öryggi, en að því er stefnt með frv., eins og fyrr segir.

Um 21. gr.

Enda þótt stýrimannstími á verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins sé hvarvetna lagður að jöfnu í frv., sem verður eftir atvikum að teljast réttmætt, er það talið nauðsynlegt, að nægileg æfing eigi sér stað í hvoru starfinu fyrir sig áður en skipstjóraréttindi eru veitt.

Um 22. og 23. gr.

Þar er það nýmæli tekið upp að láta vélamenn sanna með læknisvottorði, að heyrn þeirra sé samileg. Verður að telja þetta nauðsynlegt, þar sem

kunnugt er, að góð heyrn er eitt aðalskilyrðið til þess að verða var þeirra truflana, sem verða á gangi vélanna, í tæka tíð, svo koma megi í veg fyrir stærri bilanir. Að öðru leyti er greinin að efni til hliðstæð gildandi lögum.

Um 24. og 25. gr.

Eftir núgildandi lögum þurfa vélstjórar á eimskipum ekki að taka verklegt próf, og sem trygging fyrir verklegri kunnáttu þeirra er það látið nægja, að þeir hafi unnið við járnsmíði í 3 ár. Nú er það vitanlegt, að járnsmíði er svo mismunandi, að menn geta verið í smíðju svo árum skiptir án þess að læra nokkuð verulegt í þeirri grein járnsmíðinnar, sem mest á riður fyrir vélstjóra. Vitanlega verður slíkt ekki talið viðunanlegt til frambúðar, og þykir því rétt að láta þá leysa af hendi verklegt próf. Heppilegast er, að þeir geri það, þegar þeir hafa siglt í 24 mánuði undir stjórn æfðs vélstjóra. Hefir þeim þá verið gefinn kostur á að búa sig sem best undir þetta próf við þá sérgrein, sem þeir ætla að gera að lífsstarfi sínu og prófið nær yfir. Að sjálfsgöðu er ætlað til þess, að settar verði reglur um próf þetta og undirbúning undir það.

Um 26. og 27. gr.

Það þykir rétt að færa réttindatakmarkið upp í 800 hestöfl; er það gert með tilliti til þess, að hlutfallið milli stærðar skipanna og vélaafls þeirra hefir breytt nokkuð á seinni árum, svo að vélar skipa eru nú yfirleitt stærri í hlutfalli við stærð skipsins en áður var. Þessi breyting frá gildandi lögum rýrir þó á engan hátt öryggi skipa eða áhafnar, þar eð samkv. frv. eru gerðar meiri kröfur til þekkingar vélamanna en áður hefir verið. Að öðru leyti eru greinarnar hliðstæðar 4. og 5. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

Um 28. og 29. gr.

Í 29. gr. eru sett skilyrði um smíðapróf vélstjóra, og er það í samræmi við ákvæði 25. gr., að mönnum er gefinn kostur á að vinna nokkurn tíma á skipum áður en þeir taka hið verklega próf. Að öðru leyti er greinin hliðstæð 7. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

Um 30. og 31. gr.

Í 30. gr. er það gert að skilyrði fyrir réttindum yfirvélstjóra á eimskipum með yfir 800 hestafla vél, að þeir hafi lokið prófi í rafmagnsfræði við vélaskólann í Reykjavík. Það er staðreynd, að rafmagnstækjum fjölgar í skipum með hverju ári. Flest skip eru nú raflýst og auk þess eru í þeim fjöldi véla og tækja, sem knúin eru með rafmagni. Það verður því að telja rétt að krefjast af yfirvélstjórum þessara skipa nokkuð meiri þekkingar í rafmagnsfræði en hingað til hefir verið gert, enda er mönnum gefinn kostur á að afla sér hennar með hinni nýstofnuðu rafmagnsdeild vélstjóraskólans. Að öðru leyti er greinin hliðstæð 11. gr. laganna frá 1915.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum er það ákveðið, að hver sá, sem hefir á hendi gæzlu vélar í bát upp að 12 hestöfl, verði að sanna það fyrir lögskráningastjóra með

vottorði tveggja mótormanna, að hann sé fær um að gæta vélarinnar. Það verður að líta svo á, að þetta sé ekki heppilegt, þar sem menn þeir, sem vottorðin gefa, þurfa ekki að hafa annað til brunns að bera en það, að hafa einhverntíma tekið próf í mótórfræði. Í frv. þessu er því sú breyting gerð, að maður sá, sem vottorðið gefur, verður að vera viðurkenndur af ráðuneytinu, og verður þá að telja nóg, að hann sé einn. Það mun vera í flestum veiðistöðvum maður, sem hefir á hendi skoðun véla í bátum. Maður þessi er viðurkenndur til þess starfa, og ætti því einnig að vera hægt að fela honum að rannsaka þekkingu manna á umhirðu vélanna og gefa vottorð um hana. Grein þessi kemur í stað 2. gr. laga nr. 50 4. júní 1924. Stærðartakmarkið er fært upp í 15 hestöfl, og er það gert með tilliti til aukins vélaafls í bátum, en öryggið tryggt með bættu fyrirkomulagi á eftirliti með kunnáttu vélamannanna.

Um 33.—40. gr.

Greinar þessar koma í stað 3., 4. og 5. gr. laga nr. 50 4. júní 1924 og breytinganna, sem á þeim lögum voru gerðar 1934.

Gert er ráð fyrir, að Fiskifélag Íslands haldi tvö námskeið, hið minna og meira, hið minna með líku fyrirkomulagi og nú er, og veiti það réttindi upp í 150 hestöfl; það sé haldið bæði í Reykjavík og í stærstu kaupstöðum úti um land, líkt og nú er, enda veiti það engin frekari réttindi en það gerir nú.

Hið meira mótórvéltjórapróf, er veitir rétt til véltjórnar allt að 400 hestöflum, er ætlazt til að verði aðeins haldið í Reykjavík. Að öðru leyti er það í samræmi við lög þau, sem sett voru á Alþingi 1934 um aukin réttindi mótórvéltjóra, en þau lög setja þau skilyrði fyrir auknum réttindum, að mótórvéltjórar gangi undir bóklegt og verklegt próf, meira en hið almenna próf, sem veitir réttindi upp í 150 hestöfl.

Það vita allir, sem þeim málum eru kunnugir, að kennsla í mótórfræði fyrir þá menn, sem hér um ræðir, getur ekki komið að notum, nema hún fari fram verklega að miklu leyti, en til þess þarf nægan og góðan vélakost og hæfilegt húsnæði. Fiskifélag Íslands er, eins og áður er sagt, eina stofnunin hér á landi, sem hefir aðstöðu til þess að annast þessa kennslu. Það hefir líka í mörg ár haft fræðslu mótórvéltjóra með höndum og komið sér upp hér í Reykjavík rúmgóðu húsnæði, sem sérstaklega er útbúið til verklegrar kennslu í mótórfræði og einungis ætlað til þess.

Það þykir því rétt, að Fiskifélag Íslands annist kennslu þeirra mótórvéltjóra, sem réttindi eiga að fá upp í 400 hestöfl og verklega kennslu þurfa.

Um 41.—46. gr.

Eins og fyrr getur, eru dregnar skýrar línur milli réttinda véltjóra á eimskipum og mótorskipum, og því ekki ástæða til að skýra þessar greinar frekar hvað það snertir.

Kennslu í mótórfræði, er veitir véltjóraréttindi yfir 400 hestöfl, er ætlazt til, að vélskólinn í Reykjavík veiti, enda er hún þá öll bókleg og stendur yfir í 3 skólaár, að meðtalinni rafmagnsdeild, að undangengnu 4 ára vélsmíðanámi.

Ætlazt er til þess, að kennslufyrirkomulagi vélskólans verði breytt þannig, að mótorfræði verði kennd að jöfnu við eimvélafræði.

Í mótorskipum, sem hafa vélaafli yfir 400 hestöfl, eru að jafnaði stórar rafmagnsstöðvar, því að oftast eru allar hjálparvélar rafknúnar, ásamt mörgum öðrum tækjum ofan þilfars og neðan; einnig ryðja hin svonefndu Diesel-aforkuskip sér meir og meir til rúms og þykja hagkvæm. Það þykir því sjálf-sagt, að enginn geti öðlazt vélstjóráskirteini á mótorskipi nema hann hafi staðizt próf í rafmagnsfræði við vélskólann í Reykjavík eða annan æðri skóla, að þeim einum undanteknum, sem getið er um í 56. gr.

Í flestum mótorskipum, sem hafa yfir 400 hestafla vélar, er lítill eimketill til upphitunar og til þess að knýja varatæki, svo sem loftþjöppu og þessháttar. Það er því nauðsynlegt, að vélstjórar á þessum skipum hafi nokkra verklega æfingu í hirðingu og meðferð eimkatla í skipum; þessa æfingu geta menn ekki öðlazt með öðru móti en því, að vera kyndarar eða aðstoðarmenn á eimskipi í nokkurn tíma. Vélstjórum þessara skipa er því gert að skyldu að hafa verið kyndarar eða vélstjórar á eimskipi í 4 mánuði.

Um 47. og 48. gr.

Samkvæmt greinum þessum er fjöldi stýrimanna ákveðinn, og koma þær í staðinn fyrir 18. gr. laganna frá 1922. Er hér nokkur breyting frá gildandi lögum, og þar stuðzt við þá venju, sem myndazt hefir á seinni árum. Samkv. b-lið er ætlazt til, að á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærri séu tveir stýrimenn. Fiskiskip af þeirri stærð eru að jafnaði botnvörpuskip, en um langt skeið hafa verið á þeim 2 stýrimenn. Sú venja er til orðin af nauðsyn og því rétt að lög-festa hana. Á verzlunarskipi í utanlandssiglingum, sem er yfir 200 rúmlestir, og á skipi sömu stærðar í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst, það er skip, sem sigla eftir áætlun, séu einnig tveir stýrimenn. Verður það að teljast hæfilegt, bæði öryggis vegna og vegna allra þeirra starfa, er stýrimönnum eru lögð á herðar í þesskonar ferðum.

Ákvæði þetta er nýtt.

Samkvæmt c-lið er ætlazt til, að verði 3 stýrimenn á verzlunarskipum í utan- og innanlandssiglingum, er flytja farþega og póst og eru yfir 400 rúmlestir. Þetta er nú föst venja á póst- og farþegaskipum. Ennfremur að á 1500 rúmlesta skipum séu 3 stýrimenn, þótt ekki séu farþegaskip. Þetta hvortveggja eru ný ákvæði.

Á varðskipum ríkisins samkv. 48. gr. er fjöldi stýrimanna meiri en á verzlunarskipum, þegar um er að ræða 60—200 rúmlesta skip. Samkvæmt fenginni reynslu er þetta fullkomin nauðsyn, þar sem allt er, að setja verður stýrimenn um borð í brotleg skip til þess að fylgja varðskipinu til hafnar. Ekki er nægilegt að nota til þess ólærða háseta, því bæði verður vörðurinn að geta staðið í sambandi við varðskipið með ljósmerkjum eða öðrum tækjum, meðan á siglingunni stendur, og eins að geta verið skipstjóra hins tekna skips til aðstoðar við siglinguna, ef þörf gerist. Þá er krafizt farmannaprófs hjá stýrimönnum varðskipanna; annað verður að teljast óviðunandi, þar sem um löggæzlu er að

ræða, og þeir menn, er hana hafa á hendi, verða að geta staðið öðrum sjómönnum jafnfætis eða frammar um sjófræðilega þekkingu.

Um 49. og 50. gr.

Fjöldi vélamanna á skipum er í frv. þessu ákveðinn í samræmi við það, sem nú tíðkast hér á landi og hjá nágrannaþjóðunum. Aðeins er hestaflatakmarkinu lítið eitt breytt frá gildandi lögum, þannig að það er fært úr 700 upp í 800 í eimskipum og í 900 í mótorskipum. Er þetta þó í samræmi við fyllstu kröfur um öryggi.

Um 51. gr.

Grein þessi er ný í lögum hér á landi, en í þeim fleytum, sem þar um getur, er oft eimketill og eimvélar eða mótorar, og því sjálfsagt, að einhver maður, sem vélfræðipækkingu hefir, sé látinn gæta þeirra, svo að tjón hljótist ekki af misnotkun eða vanhirðu.

Um 52. gr.

Grein þessi kemur í stað 19. gr. laganna frá 1922 og 13. gr. laga um atvinnu við vélgæzlu frá 1915. Aðeins er hér um meiri flokkun að ræða á skirteinum en nú er ákveðið.

Um 53. gr.

Þessi gr. kemur í stað niðurlags 19. gr. laganna frá 1922 og er um sama efni.

Um 54. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 21. gr. laganna frá 1922, að því viðbættu, að hér er gert ráð fyrir, að skipstjórnarmenn og vélamenn geti misst réttindi sín um stundarsakir fyrir vanrækslu eða kunnáttuleysi, en slíkt er algengt hjá öðrum þjóðum, og verður að teljast nauðsynlegt aðhald að mönnum um að rækja starf sitt eftir beztu getu.

Um 55. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 56. gr.

Eins og nú stendur á hér á landi, eru aðeins örfáir menn, sem réttindi hafa til þess að vera vélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél. Það getur því orðið nokkur vöntun á mönnum með réttindi til að taka stöður á stórum mótorskipum, ef þeim tekur að fjölga ört hér á landi. Til þess að koma í veg fyrir þetta þykir rétt að veita þeim vélstjórum, sem réttindi hafa samkv. lögum nr. 43 3. nóv. 1915, kost á að öðlast vélstjóraréttindi á mótorskipum án þess að bæta við sig bóklegum lærdómi, ef þeir hafa siglt með réttindum á eimskipum í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, en verklega æfingu á mótorskipum þurfa þeir að sjálfsögðu að hafa, og til þess að öðlast hana er ætlazt til, að þeir sigli sem undirvélstjórar eða aðstoðarvélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél í 12 mánuði, og má það ekki minna vera, því eins og kunnugt er, er mikill munur á umhirðu mótora og eimvéla, og undirstöðumenntun sú, sem vélstjórar nú hafa í mótorsfræði, er af skornum skammti.

Með ákvæðum þeim, sem sett eru í stafl. d. í 56. gr., er ætlazt til þess, að menn þessir hafi réttindi til þess að vera undirvélstjórar á mótorskipum með 400 til 900 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjórar á mótorskipum með meira en 400 hestafla vél, þó þeir hafi ekki lokið rafmagnsprófi. Hér verður aðeins um að ræða menn, sem hafa að baki langan siglingatíma við vélstjórn á skipum og eru almennt orðnir of rosknir til að ganga í skóla að nýju, en verða vel færir til þess að annast vélstjórastörf á mótorskipum eftir að hafa fengið nægilega verklega æfingu við mótórvélar.

Um 57. gr.

Greinin fjallar um þá, sem nú hafa smáskipapróf, og á hvern hátt þeir geta öðlzt réttindi til skipstjórnar eða stýrimennsku á skipi allt að 100 rúmlestir. Ekki þykir fært að veita þessum flokki manna meiri réttindi en þeir nú hafa, nema þeir auki við þekkingu sína í siglingafræðum frá því, sem þeir nú öðlast með smáskipaprófinu.

Er því farin sú leið, að námskeið séu haldin fyrir þessa menn um ákveðið árabíl frá því að þessi lög öðlast gildi, og að þeir geti á þann hátt tekið umrætt próf á skemmri tíma en ef þeir þyrftu að binda sig við allan tímann, sem undirbúningur undir prófið tekur ella, og jafnvel búið sig undir prófið heima hjá sér, og þannig hagnýtt sér fyrri kunnáttu í þessum fræðum.

Um 58.—60. gr.

Þarfnast ekki skýringa.